

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Reykjavík 5. janúar 2021
UST202012-163/A.B.
10.05.00

**Efni: Umsögn - Skógrækt - Hróaldsstaðir 2 í Vopnafjarðarhreppi
framkvæmdaleyfi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er barst 17. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna áforma um skógrækt í landi Hróaldsstaða 2 í Vopnafjarðarhreppi.

Í erindinu kemur fram að markmið verkefnisins er að rækta fjölnytjaskóg á 29 ha. svæði í landi Hróaldsstaða.

Votlendi - Verndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að norðan og utan við fyrirhugað skógræktarsvæði samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (www.serstokvernd.ni.is) er votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdin raski ekki votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins vistgerðirnar starungsmýravist og víðikjarrvist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að framkvæmdaraðili forðist raski á vistgerðum með háu verndargildi.

Ásýnd


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.*“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga sé að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur